Félag Sameinuðu þjóðanna
UNESCO skólar

Heimsminjar á Íslandi

Un Photo/Eskinder Debebe

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Ágúst 2015

Efnisyfirlit

Heimsminjar á Íslandi....3
Umsóknarferlið....4
Heimsminjaskráin....5
Þingvellir....5
Surtsey....6
Yfirlitsskrá Íslands....7
Víkingaminjar....7
Breiðafjörður....8
Vatnajökulsþjóðgarður....9
Mývatn og Laxá....9
Íslenskar torfbyggingar ásamt tengdu búsetulandslagi (raðtilnefning)....10

Heimsminjar á Íslandi

Á heimsminjaskrá UNESCO eru nú skráðir tveir staðir á Íslandi, *Þingvellir* og *Surtsey.* Að auki eru sex staðir á yfirlitsskrá yfir fyrirhugaðar tilnefningar til UNESCO og einn staður nú þegar tilnefndur og í vinnslu hjá UNESCO. Tilnefndar eru *Víkingaminjar á norðurslóðum* og á yfirlitsskrá eru *Breiðafjörður, Þingvellir sem náttúruminjar, Vatnajökulsþjóðgarður, Mývatn og Laxá,* ásamt *íslenskum torfbyggingum og tengdu búsetulandslagi*.

Upplýsingunum, sem hér eru gefnar, er ætlað að vera leiðandi viðmið í vinnu með heimsminjar á Íslandi. Tilgangurinn er að kennarar séu upplýstir um stöðu mála á Íslandi og geti nýtt þekkingu um staðina við kennslu í ýmsum fögum, til dæmis landafræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, sögu og listgreinum.

Umsóknarferlið

Til að koma stað á Íslandi á heimsminjaskrá UNESCO þarf að fara í gegnum tvískipt umsóknarferli. Fyrst þarf Ísland að útbúa yfirlitsskrá yfir staði á landinu sem teljast mikilvægar menningar- og/eða náttúruminjar og senda til UNESCO. Yfirlitsskráin er á engan hátt bindandi, en á henni eiga að vera staðir sem líklegt er að verði tilnefndir af hálfu ríkisins til heimsminjaskrárinnar á næstu 5-10 árum. Yfirlitsskráin er því stefnumótandi að því er varðar verndun, kynningarstarf og ferðaþjónustu. Núgildandi yfirlitsskrá Íslands tók gildi árið 2011.

Tilgangur yfirlitskrárinnar er að gera Heimsminjanefnd UNESCO (e. World Heritage Committee) kleift að meta alþjóðlegt gildi eða vægi staðanna, sem eru í skránni, á breiðum grunni.

Til þess að staðir verði teknir inn á heimsminjaskrá þarf að útbúa formlega umsókn. Sú umsókn er afar ítarleg og kostnaðarsöm, henni þurfa að fylgja nákvæmar náttúrulýsingar, rökstuðningur fyrir vægi staðanna á menningarlegum eða náttúrufarslegum grundvelli , greinargerð um réttarstöðu, ný landakort, ljósmyndir og margt fleira. Umsóknum þarf að skila inn fyrir 1. febrúar ár hvert og niðurstöðum er skilað einu og hálfu ári seinna.

Heimsminjanefnd UNESCO fær aðstoð frá þremur ráðgjafarnefndum við ákvörðunarferlið. Alþjóðanáttúruverndarsambandið (IUCN) aðstoðar við mat á tilnefningum til náttúruminja en Alþjóðaráðið um söguleg mannvirki og staði (ICOMOS) og Alþjóðleg miðstöð til rannsóknar á varðveislu og endurreisn menningarminja (ICCROM) aðstoða við mat á tilnefningum til menningarminja. Sé tilnefning samþykkt kemst viðkomandi staður á Heimsminjaskrá.

Eins og áður sagði eru 6 staðir á núverandi yfirlitsskrá og einn staður þegar tilnefndur til UNESCO af hálfu Íslands og fleiri ríkja. Hér að neðan munum við gera grein fyrir þessum stöðum og byrjum á þeim tveimur sem nú þegar eru á heimsminjaskrá.

Heimsminjaskráin

Heimsminjamiðstöð UNESCO (e. World Heritage Centre) var stofnuð árið 1992 og hefur aðsetur hjá aðalskrifstofum UNESCO í París. Miðstöðin sér um allt sem viðkemur heimsminjaskránni og hvetur ríki til þess að skrifa undir samning um verndun menningar- og náttúruminja heimsins, hafa yfirlit yfir ástand minja sinna og tilnefna minjar til heimsminjaskrárinnar.

Á heimsminjaskrá UNESCO eru nú tvær íslenskar minjar, Þingvellir og Surtsey.

Þingvellir

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur verið á heimsminjaskrá UNESCO frá árinu 2004. Þingvellir eru skráðir sem *menningarminjar* í heimsminjaskránni en á yfirlitsskrá er umsókn um að fá Þingvallarsvæðið einnig skráð á grundvelli náttúrufarslegra gilda.

Allsherjarþing Íslendinga var stofnað á Þingvöllum árið 920 og þingið kom þar saman allt til ársins 1778. Þing stóð yfir í tvær vikur í senn og þar settu þingmenn lög, miðluðu málum og kváðu upp dóma.

Svæðið, sem samþykkt var á heimsminjaskrána, hefur að geyma þjóðgarðinn, tóftir þingbúðanna ásamt 10 . aldar minjum sem talið er að finna megi undir sverði. Á svæðinu eru einnig minjar hefðbundins landbúnaðar frá 18. og 19. öld. Þjóðgarðurinn ber því merki um hvernig svæðið hefur verið nýtt af manninum í 1000 ár og Þingvellir hafa djúpstæða sögulega og táknræna merkingu fyrir íslensku þjóðina.

Umsóknina í heild má nálgast hér og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu þjóðgarðsins á Þingvöllum: http://www.thingvellir.is/

Surtsey



Surtsey hefur verið á heimsminjaskrá frá árinu 2008 og er skráð á grundvelli náttúrulegra gilda eyjarinnar. Eyjan myndaðist í neðansjávareldgosi í nóvember árið 1963 og hefur verið vernduð með lögum síðan. Surtsey gefur því vísinda- og fræðimönnum einstakt tækifæri til að rannsaka myndun og þróun úthafseyja og þróun lífríkis á nýmynduðum landsvæðum.

Surtseyjargosi lauk 5.júní 1967 og er gosið því með þeim lengstu í sögu Íslands. Auk Surtseyjar mynduðust gígarnir Surtla, Syrtingur og Jólnir en vegna smæðar þeirra hurfu þeir fljótt af yfirborði jarðar. Enn má þó sjá ummerki um þá neðansjávar.

Surtsey var friðlýst árið 1965 og gilti friðlýsingin um yfirborð Surtseyjar sem er 1,4 ferkílómetrar. Síðan þá hefur friðlýsingin verið endurnýjuð tvisvar, nú síðast árið 2006 og nær nú yfir eyjuna, neðansjávargígana og hafsvæðið umhverfis eyjuna. Alls um 65,5 ferkílómetra svæði. Sú endurnýjun átti sér stað í tengslum við tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrána. Síðan svæðið var fyrst friðlýst hefur umferð manna út í eyna verið bönnuð nema með fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Með banninu er verið að vernda viðkvæma náttúru eyjarinnar og forðast aðflutning utanaðkomandi lífvera.

Fjöldinn allur af innlendum og erlendum vísindamönnum hafa stundað margvíslegar rannsóknir og vöktun í Surtsey frá upphafi. Surtseyjarfélagið hefur staðið fyrir bættri aðstöðu vísindamanna og eflt rannsóknir á svæðinu. Innlendir vísindamenn hafa til dæmis komið frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun og Háskóla Íslands og hafa þessar rannsóknir gefið mikilvægar upplýsingar um jarðsögu eyjarinnar, landnám lífvera og breytingar í lífríki frá upphafi þess. Surtsey er því einstakur staður náttúruminja vegna mikilvægi rannsókna og eftirfylgni á landnámi dýra og plantna ásamt framvindu lífríkis og þróun eyjarinnar án afskipta eða áhrifa mannsins.

Rannsóknir vísindamanna á lífríki og jarðfræði Surtseyjar, auk þeirrar farmsýni að friða Surtsey strax árið 1964, á stóran þátt í að Surtsey er á heimsminjaskrá UNESCO í dag.

Hér má nálgast tilnefningarskjalið fyrir Surtsey.

Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu Surtseyjarfélagsins og á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Yfirlitsskrá Íslands

Hér að neðan eru upplýsingar um staði sem eru á núgildandi yfirlitsskrá Íslands sem tók gildi árið 2011.

Víkingaminjar

Ivan Sabljak

Tillaga um að setja fjölþjóðlega staði, sem bera minjar um víkingatímabilið, á heimsminjaskrá hefur verið send UNESCO og búist er við að svar berist á þessu ári, þ.e. 2015. Fimm lönd sendu tillöguna til UNESCO, það eru Danmörk, Þýskaland, Ísland, Lettland og Noregur og snýr tillagan að sjö stöðum í þessum löndum.

Síðan á 19. öld, þegar Íslendingasögur voru þýddar og gerðar opinberar og fyrstu víkingaskipin voru grafin upp hefur víkingatímabilið vakið upp áhuga og heillað fólk um heim allan. Auk þess að vera mikilvægur hluti af sjálfsmynd Norðurlandaþjóðanna hefur víkingatímabilið verið nátengt þróun fornleifavísinda í Norður-Evrópu.

Staðirnir sjö sem eru tilnefndir eru allir fornleifaminjar frá 8. – 11. aldar. Á Íslandi eru Þingvellir tilnefndir, en hluti Þingvalla er nú þegar skráður í heimsminjaskrá sem náttúruminjar. Einnig eru grafhaugarnir og Kirkjan í Jelling í Danmörku nú þegar í heimsminjaskrá, en eru tilnefndir í þessari raðtilnefningu. Aðrir staðir, sem eru tilnefndir og eru ekki á heimsminjaskrá nú þegar, eru Trelleborg, Aggersborg og Fyrkat í Danmörku, Birka og Hovgården i Svíþjóð, grafreitir og búsetuminjar í Grobina í Lettlandi, skipshaugar í Vestfold og kvarnarsteinsnámur í Hyllesand í Noregi og Heiðarbær og Danavirki í Slésvík-Holtsetalandi í Þýskalandi.

Undirbúningur fyrir tilfnefninguna stóð í tæp 6 ár og var leitt af mennta- og menningarráðuneytinu í samstarfi við yfirvöld í hinum ríkjunum sem standa að tilnefningunni. Hér er um nýja nálgun við heimsminjasamninginn að ræða sem hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi. Minjastofnun Íslands heldur utan um alþjóðlegan hluta verkefnisins en verkefnið á Íslandi hefur verið unnið í nánu samráði við starfsmenn Þingvallaþjóðgarðs.

Nánari lýsingu á stöðunum sem tilnefndir eru má sjá hér.

Breiðafjörður

Alchemist-hp

Breiðafjörður er nú á yfirlitsskrá Íslands og er talinn bera bæði náttúrufarslega og menningarlega arfleifð. Fjörðurinn, sem liggur milli Vestfjarðakjálkans og Snæfellsness, er 50 km breiður og 125 km langur.

Eins og augljóst er hefur Breiðafjörður upp á margt að bjóða, með fjölbreyttri náttúru, fjölda eyja og einstöku vistkerfi. Þar er fjölbreytt fuglalíf, selir eru algeng sjón og fjöruborðið iðar af lífi. Á svæðinu eru 230 skráðar tegundir háplantna og um það bil 50 fuglategundir. Fjörðurinn er heimili hafarnarins á Íslandi og er mikilvægur staður fyrir æðarfugla. Landselur og útselur, selategundirnar tvær sem lifa við Íslandsstrendur, hafast við á eyjum og skerjum svæðisins og nýta svæðið sem veiðisvæði.

Flatey er eina eyjan í firðinum þar sem búið er árið um kring. Húsin í Flatey eru byggingarfræðilega einstök á Íslandi. Elsta húsið er byggt árið 1840 og flest önnur hús eru byggð í kringum aldamótin 1900.

Ýmsar fornminjar má finna í Breiðafirði og eru margar þeirra nú þegar friðlýstar. Minjarnar geyma mikilvægar upplýsingar um líf á fyrri tímum, s.s. sjómennsku, búskap og fleira. Á mörgum stöðum eru leifar af kofum og hafnarsvæðum sem notuð voru af bændum um vor og haust, á aðal fiskveiðitímabilum ársins. Aðgangur að miklum fjölda fiska, fugla og sela var grunnurinn að góðu lífi í Breiðafirðinum. Fólk veiddi fisk sér til matar, tíndi egg og nýtti selkjöt og -skinn í fæði og klæði. Einnig eru merki um að fólk hafi ræktað grænmeti í Flatey. Eyjan var einnig mikilvæg miðstöð viðskipta frá miðöldum og uppúr, og árið 1770 varð Flatey löglegt verslunarfélag. Áður stóð klaustur á hæsta hluta eyjarinnar (byggt 1172) og var miðstöð þekkingar á svæðinu. Fyrsta bókasafn Íslendinga var byggt á eyjunni árið 1864 og þar var *Flateyjarbók,* nefnd eftir eyjunni, geymd um tíma.

Frekari upplýsingar um Breiðafjörð má nálgast hér og hér.

Vatnajökulsþjóðgarður

Vatnajökulsþjóðgarður er á yfirlitsskrá Íslands vegna einstakra fagurfræðilegra gilda, fjölbreyttra landslagsþátta og landsvæða og vegna einstakra tækifæri til rannsókna á landtöku og breytingum á líffræðilegum vistkerfum á ólíku undirlagi, svo sem hraunbreiðum og jökulurðum, og einstöku plöntulífi. En einnig eru ýmsar menningarminjar í kringum jökulinn. Í garðinum eru um 10 eldfjöll og fjöldi sprungukerfa.

Landslagið í kringum jökulinn er afar fjölbreytt, en norðan jökulsins má finna vatnsmiklar jökulár og eldstöðvarnar Öskju, Kverkfjöll og Snæfell ásamt móbergsstapanum Herðubreið. Jökulsárgljúfur varð til þegar hamfarhlaup skáru norðanverða hásléttuna, en nú rennur Dettifoss um gljúfrið. Einnig er á svæðinu hamraskeifan Ásbyrgi og Hljóðaklettar. Við Snæfell eru búsvæði hreindýra og heiðagæsa en þar einkennist landslagið af votlendum og víðfeðmum heiðalöndum. Sunnan við Vatnajökul einkennist landslagið af háum fjallgörðum og fjölda skriðjökla sem renna á milli fjallanna og niður á láglendið. Þar er Öræfajökull syðst ásamt Hvannadalshnjúki, hæsta tindi landsins. Gróskumikið Skaftafellslandið liggur í skjóli jökulsins og Skeiðarársandur þar vestur af, sem tíð eldgos og jökulhlaup hafa skapað í tímans rás, því vestan Vatnajökuls er mikil eldvirkni.

Stór svæði í kringum jökulinn hafa verið friðuð í meira en 35 ár, en þjóðgarðurinn nær yfir jökulinn sjálfan og svæðið í kring, alls 12,850 km^2 eða nánast 13% af Íslandi. Stærstur hluti garðarins er jökullinn sjálfur, eða um tveir þriðju af þjóðgarðinum, en jökullinn er sá stærsti í Evrópu.

Nánari lýsingu má sjá hér og á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Mývatn og Laxá

Mývatnssvæðið hefur einstakt landfræðilegt og líffræðilegt varðveislugildi. Mývatn (37 km2) er 278 metra yfir sjávarmáli og hefur að geyma meira en 50 eyjar. Landslagið í kringum vatnið og á mörgum eyjanna eru fullkomlega lagaðir gervigígar sem mynduðust við hraunsprengingar sem streymdu niður í vatnið fyrir um 2300 árum. Frægustu gígarnir eru *Skútustaðagígar* sem nú þegar eru friðaðir.

Andreas Tille

Mývatn og Laxá eru eitt stærsta æxlunarsvæði vatnafugla í heiminum, en alls hafa 115 tegundir af fuglum verið greindar á svæðinu, þar

af 28 andategundir. Algengustu andategundirnar eru skúfendur (*Aythya fuligula)*, duggendur *(Aythya marila)* og ljóshöfðaendur *(Anas penelope)* en einnig eru húsendur *(Bucephala islandica)*, toppendur *(Mergus serrator)*, hrafnsendur *(Malanitta nigra)* og stokkendur *(Anas platyrhynchos)* algengar á svæðinu. Mývatn og umhverfi þess er eina þekkta æxlunarsvæði húsanda í Evrópu og austasta æxlunarsvæði straumandarinnar *(Histrionicus histrionicus)*. Auk andategunda er þarna að finna til dæmis álftir, himbrima, lóma og flórgoða.

Ástæðan fyrir þessu fjölbreytta fuglalífi er fyrst og fremst næringin úr vatninu, en í vatninu er fjöldinn allur af skordýrum og öðrum smáum lífverum sem fuglarnir gæða sér á. Þrátt fyrir smáa stærð er mikil fjölbreytni í náttúru Mývatnssvæðisins. Eyðilegt eldfjallalandslagið blandast við grænt og gróskumikið gróðurfar strandarinnar og svæðið hefur mikið fagurfræðilegt gildi.

Meira um Mývatn og Laxá má lesa hér.

Íslenskar torfbyggingar ásamt tengdu búsetulandslagi (raðtilnefning)

Íslenskar torfbyggingar eru tilnefndar vegna einstaks arkítektúrs torfbæjanna sem hefur varðveist frá tímum landnáms á Íslandi. Hönnun og útlit torfbæjanna er álitið vera túlkun á menningarlegum gildum samfélagsins sem hefur aðlagast tæknibreytingum og félagslegri þróun sem hefur átt sér stað í aldanna rás. Hugmyndin um hönnun torfbæjanna kemur frá norrænum langhúsum og kom með landnemum til Íslands.

Alls eru fjórtán torfbæir um allt land tilnefndir. Nánari lýsingu má sjá hér.